

**Nd.**

### **633. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný gr., er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, er nefnist rannsóknanefnd ríkisins, til þriggja ára í senn, eftir tilnefningu þriggja stærstu flokka Alþingis.

Nefnd þessi skal hafa á hendi yfirstjórn stofnunarinnar og þess hluta rannsóknarstofu Háskóla Íslands, sem hefir með höndum rannsóknir í þágu atvinnuveganna og framkvæmd matvælarannsóknanna. Nefndin ákveður rannsóknarefni stofnana þessara í samráði við forstjóra þeirra og deildarstjóra, en skylt er henni að leita áður álitis Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og annara landsambanda atvinnugreina. Gæta skal þess að samræma störf þessara stofnana og einstakra deilda þeirra, eftir því sem fært er.

2. gr.

Í stað 2. másl. 8. gr. laganna, sem verður 9. gr., kemur: Forstjóri skal hafa með höndum stjórn á daglegum störfum og rekstri stofnunarinnar undir yfirstjórn rannsóknanefndar. Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra með reglugerð fyrir mæli um starfstilhögun og starfsskiptingu stofnunarinnar.

3. gr.

9., 10. og 11. gr. laganna verða 10., 11. og 12. gr.

4. gr.

Í stað 12. og 13. gr. laganna komi ný 13. gr., er orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum rannsóknanefndar ríkisins, laun starfsmanna stofnunarinnar, þeirra sem um ræðir í 3.—5. gr., þangað til þau verða tiltekin í launalögum. Hann skipar einnig fyrir um það, í samráði við nefndina, hversu margt annað starfsfólk skuli starfa við stofnunina og hver laun þess skuli vera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940.